

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Grindavíkurbæ.

#### *Óveruleg breyting á deiliskipulagi miðbæjar–hafnarsvæðis.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsnefnd Grindavíkurbæjar með vísan til viðauka 1.1. við bæjarmálasamþykkt Grindavíkurbæjar um fullnaðarafgreiðslu án staðfestingar bæjarstjórnar, 3. maí 2023, breytingar á deiliskipulagi miðbæjar–hafnarsvæðis. Í breytingunni felst að byggingarreitur við Seljabót 1-3 stækkar og lóðarmörk breytast.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### *Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hlíðarhverfis.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsnefnd Grindavíkurbæjar með vísan til viðauka 1.1. við bæjarmálasamþykkt Grindavíkurbæjar um fullnaðarafgreiðslu án staðfestingar bæjarstjórnar, 3. maí 2023, breytingar á deiliskipulagi Hlíðarhverfis. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðanna Spóahlíðar 5 og 9 stækkar. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Grindavíkurbæ, 16. maí 2023.*

**Atli Geir Júlíusson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 6. júní 2023